



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Verkefni 20323

**Auglýst ferli um val á aðila um rekstur á
viðurkenndum einkareknum
listframhaldsskóla á sviði tónlistar**

Lýsing

Ríkiskaup, fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytisins, óskar eftir hæfum aðilum til þátttöku í auglýstu ferli sem nánar er fjallað um hér að neðan um rekstur listframhaldsskóla á sviði tónlistar. Ekki er um formlegt útboð að ræða, heldur opin og gegnsæjan feril skv. 14. gr. og 40. gr. laga um opinber innkaup nr. 84/2007.

Markmið

Markmið með listframhaldsskóla á sviði tónlistar er að gefa nemendum, sem hyggjast leggja stund á framhaldsnám í tónlist, kost á sérhæfðu undirbúningsnámi.

Listframhaldsskóli þjónar nemendum af öllu landinu sem ætla í áframhaldandi nám á sviði tónlistar, jafnt innan lands sem utan. Lögð er áhersla á að nemendur ljúki stúdentsprófi.

Mælanleg markmið og tilgangur verkefnisins er að:

- Allt að 200 nemendur geti stundað sérhæft tónlistarnám á framhaldsskólastigi til undirbúnings háskólanámi eða áframhaldandi sérnáms. Jafnframt að þeir geti nýtt námið sem hluta af námi til stúdentsprófs. Lögð er áhersla á að námsskipulagið sé þannig að það veiti sem bestan undirbúning fyrir þá sérhæfingu sem nemendur hafa valið sér og gefi þeim kost á að hefja fyrr nám á næsta skólastigi en nú er.
- Námið er bæði skipulagt sem heildstæðar námsbrautir með námslok á framhaldsskólastigi og sérnám sem nemendur geta nýtt sem hluta af námsbraut samkvæmt reglum þess framhaldsskóla sem þeir stunda nám við.

Í framkvæmd verkefnisins felst eftirfarandi:

- Hugmyndavinna um námsbrautir og námslok.
- Áætlun, framkvæmd og rekstur framhaldsskóla.

Fyrirhugað er að heildarframlög úr ríkissjóði til verkefnisins geti numið allt að 385 milljónum á ári þegar skólinn er kominn í fulla starfsemi.

Umsjónaraðili ferilsins:

Heiti: Ríkiskaup
Heimili: Borgartúni 7c
105 Reykjavík
Sími: 530-1400
Netfang: utbod@rikiskaup.is merkið fyrirspurnir númerinu 20323
Verkefnastjóri: Guðrún Birna Finnsdóttir

Yfirlit:

- Auglýsing send út: 15.05.2016
- Fyrirspurnir skulu sendar á: utbod@rikiskaup.is merkt 20323
- Skilafrestur: 21.06.2016 klukkan: 11:00
- Stefnt er að undirritun samnings: júlí 2016
- Samningstími: 36 mánuðir

Fyrirspurnir skulu sendar á ofangreint netfang eigi síðar en 4 dögum fyrir skilafrest og verður þeim svarað eigi síðar en 2 dögum fyrir opnunartíma þátttökutilkynninga. Svör við fyrirspurnum verða birt á heimasíðu Ríkiskaupa.

Ekki er um formlegan opunarfund að ræða en samdægurs verða birt á heimasíðu Ríkiskaupa listi yfir þá sem sendu inn þátttökutilkynningu.

Í kjölfarið fer matsnefnd yfir innsend gögn frá öllum hæfum þátttakendum. Sem liður í því verða hæfir þátttakendur kallaðir til viðtals og gefinn kostur á að kynna tillögur sínar vikuna 27.júní -1. júlí.

Bjóðendur skulu skila tilboðum sínum á ofangreint netfang sem PDF merkt 20323, eða á pappír í lokuðu umslagi merkt „20323 Listframhaldsskóli“ hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7c. Með þátttökutilkynningu skulu fylgja með skrifleg gögn sem sýna fram á og staðfesta að bjóðandi/bjóðendur uppfylli hæfiskröfur. Einnig skulu sendar tillögur um skipulag og rekstur listframhaldsskóla á sviði tónlistar (sjá nánari lista um innsend gögn her að neðan).

Hæfiskröfur

Bjóðandi/bjóðendur hafi að lágmarki 10 ára reynslu við rekstur tónlistarskóla með a.m.k. 50 nemendur í framhaldsnámi á a.m.k. 5 sviðum tónlistar og miðnámi og framhaldsnámi í söng. Jafnframt þarf bjóðandi/bjóðendur að geta sýnt fram á möguleika á að sinna klassískri og rytmískri tónlistarkennslu fyrir allt að 200 nemendur. Mögulegt er að fleiri en einn aðili bjóði saman.

Matsforsendur

Gögn til að senda:

- Tillögur og drög að námsskipulagi. Athygli er vakin á því að fyrirhugaðar námsbrautir þurfa að uppfylla skilyrði 23. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Nánari upplýsingar um viðurkenningu skv. 12. gr. laga um framhaldsskóla veitir Menntamálastofnun.
- Tillögur og drög að rekstraráætlun og framkvæmdaráætlun. Athygli er vakin á að rekstraraðili þarf að uppfylla skilyrði til að hljóta viðurkenningu eða hafa hlotið viðurkenningu sem sjálfstætt starfandi framhaldsskóli skv. 12. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Nánari upplýsingar um viðurkenningu veitir Menntamálastofnun.
- Upplýsingar um hæfi tónlistarkennara sem munu sinna tónlistarkennslunni. Miðað er við að skólinn sjái um kennslu á öllum sviðum tónlistar þ.e. málmbásturshljóðfæri, tréblásturshljóðfæri, strokhljóðfæri, hljómborðshljóðfæri, einsöng, gítar og harpa, ásláttarhljóðfæri, rytmísk tónlist.
- Upplýsingar um hæfi kennara sem munu kenna tón- og hljómfraeði, tónheyrn, tónlistarsögu auk annara stuðningsgreina sem skólinn mun bjóða upp á.
- Upplýsingar um framkvæmd kennslu almennra námsgreina og hæfi þeirra kennara. Ef almennum hluta framhaldsskólanáms er sinnt af opinberum framhaldsskóla eða viðurkenndum framhaldsskóla skulu liggja fyrir tillögur að samstarfssamningi. Bent er á að framhaldsskólakennarar bóknámsgreina þurfa leyfisbréf til kennslu í framhaldsskólum samkvæmt 5. gr. laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 87/2008.

Miðað er við að skólastarf hefjist á skólaárinu 2016-2017 með innritun nemenda af landinu öllu, óháð lögheimili.

Á kynningarfundum vikuna 27.júní – 1. júlí fá hæfir bjóðendur hver um sig 60 mínútur til að kynna tillögur sínar fyrir matsnefnd mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Matsnefndin gefur einkunn fyrir verkefnið og ýmsa þætti þess og byggir sú einkunn á eftirfarandi:

- Lýsing á hæfi kennara.
- Lýsing á tækjabúnaði og aðstöðu til tónlistarkennslu.
- Tillögur að skipulagi á því námi sem skólinn hyggst bjóða upp á.
- Rekstraráætlun.
- Framkvæmdaráætlun.

Komi upp sú staða að fleiri en einn aðili fái hæstu einkunn munu þeir fá nánari upplýsingar og tækifæri til að vinna áfram hugmyndir sínar um námsbrautarlýsingar, afla samstarfsyfirlýsinga og útfæra nánar rekstrar og framkvæmdahluta verkefnisins, m.a. um rekstrarhæfi, húsnæði, aðlögun að samstarfssamningi og námsbrautarlýsingar. Í því tilfalli fá þessir aðilar tækifæri til að kynna tillögur sínar aftur fyrir matsnefnd sem metur þær út frá sama mælikvarða.

Matsviðmið:

Matsviðmið matsnefndar á innsendum gögnum er skv. neðangreindum fullyrðingum í Likert skala.

Einkunn er á skalanum 1 – 5, lakast – best.

Lýsing á hæfi tónlistarkennara sýnir að skólinn mun geta boðið upp á fjölbreytta sérhæfða tónlistarmenntun af miklum gæðum.

1. Mjög ósammála.
2. Ósammála.
3. Hlutlaus.
4. Sammála.
5. Mjög sammála.

Gögn yfir fjölbreyttan hóp kennara sem tilbúinn er að starfa við skólann eru skýr og sannfærandi.

1. Mjög ósammála.
2. Ósammála.
3. Hlutlaus.
4. Sammála.
5. Mjög sammála.

Lýsing og gögn um aðstöðu og búnað til kennslu allt að 200 tónlistarnemenda er skýr og sannfærandi.

1. Mjög ósammála.
2. Ósammála.
3. Hlutlaus.
4. Sammála.
5. Mjög sammála.

Drög þátttakanda að skipulagi tónlistarhluta námsins virðast geta veitt nemendum góðan undirbúning fyrir áframhaldandi tónlistarnám, hvað varðar tæknilega tilsögn og markvissa þjálfun.

1. Mjög ósammála.
2. Ósammála.
3. Hlutlaus.
4. Sammála.
5. Mjög sammála.

Drög þátttakanda að skipulagi tónlistarhluta námsins virðast geta veitt nemendum góðan undirbúning fyrir áframhaldandi tónlistarnám, hvað varðar hæfni til að flytja, greina og skapa tónlist.

1. Mjög ósammála.
2. Ósammála.
3. Hlutlaus.
4. Sammála.
5. Mjög sammála.

Drög þátttakanda að skipulagi um námsleiðir og námslok eru sannfærandi hvað varðar nemendur og möguleika þeirra að komast í áframhaldandi nám.

1. Mjög ósammála.
2. Ósammála.
3. Hlutlaus.
4. Sammála.
5. Mjög sammála.

Drög þátttakanda að skipulagi náms til stúdentsprófs falla að skilmálum aðalnámskrár t.d. hvað varðar umfang og kjarnagreinar.

1. Mjög ósammála.
2. Ósammála.
3. Hlutlaus.
4. Sammála.
5. Mjög sammála.

Drög þátttakanda að rekstraráætlun skólans eru sannfærandi.

1. Mjög ósammála.
2. Ósammála.
3. Hlutlaus.
4. Sammála.
5. Mjög sammála.

Framkvæmdaráætlun lýsir heildarhugsun og er vel mótuð.

1. Mjög ósammála.
2. Ósammála.
3. Hlutlaus.
4. Sammála.
5. Mjög sammála.

Tímaþáttur framkvæmdaráætlunar er sannfærandi.

1. Mjög ósammála.
2. Ósammála.
3. Hlutlaus.
4. Sammála.
5. Mjög sammála.

Fjárhagsþáttur framkvæmdaráætlunar er sannfærandi.

1. Mjög ósammála.
2. Ósammála.
3. Hlutlaus.
4. Sammála.
5. Mjög sammála.

Niðurstaða

Eftir matsferlinu lýkur, á grundvelli einkunnar og rökstuddri niðurstöðu matsnefndar, verður gerður þjónustusamningur við einn aðila um rekstur á viðurkenndum einkareknum listframhaldsskóla á sviði tónlistar.

Þátttökutilkynning

Undirritaður hefur kynnt sér rækilega verkefnisgögn 20323 og sendir neðangreinda þátttökutilkynningu. Senda skal inn gögn sem staðfesta hæfiskröfur skv nánari lýsingu hér að ofan. Þjóðendur geta sameinast um þátttökutilkynningu og er þá hæfi aðila metið saman.

Séu fleiri þjóðendur að bjóða saman skulu öll nöfn lögaðila og kennitölur koma skýrt fram í þátttökutilkynningu.

Upplýsingar um þátttakenda og undirskrift:

Nafn/nöfn þátttakenda	
Kennitala	
Heimilisfang	
Sími tengiliðs	
Fax	
Tölvupóstfang	
Tengiliður varðandi tillögu	
Staður og dagsetning tillögu	
Undirskrift bjóðanda/enda	